

**TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 97/65/EB****frá 26. nóvember 1997****um þriðju aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 90/679/EBE  
um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna líffræðilegra  
áhrifavalda á vinnustöðum(\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum <sup>(1)</sup>, einkum 17. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/679/EBE frá 26. nóvember 1990 um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna líffræðilegra áhrifavalda á vinnustöðum (sjöunda sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE) <sup>(2)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/59/EB <sup>(3)</sup>, einkum 19. gr.,

með hliðsjón af álitum ráðgjafarnefndarinnar um öryggi, hollustuhætti og heilsuvernd á vinnustöðum,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Líta ber á ákvæði tilskipunar 90/679/EBE sem mikilvægan þátt í heildarstefnu sem miðar að því að vernda heilsu starfsmanna á vinnustöðum.

Markmiðið með tilskipun 93/88/EBE <sup>(4)</sup>, en í henni er fyrsta skráin yfir líffræðilega skaðvalda á grundvelli skilgreininganna í 2., 3. og 4. lið d-liðar 2. gr. tilskipunar 90/679/EBE, er að samræma skilyrði á þessu sviði jafnframt því að viðhalda þeim framförum sem hafa orðið.

Skrána og flokkun líffræðilegra skaðvalda skal athuga og endurskoða reglulega á grundvelli nýrra vísindalegra gagna. Í ljósi nýrra vísindalegra sannana um að smitefni heilahrönnunar í nautgripum (BSE) geti sýkt menn er nauðsynlegt að breyta flokkuninni á smitefni heilahrönnunar í nautgripum og vísa til afbrigðis af Creutzfeldt-Jakobs-sjúkdómnum.

Nauðsynlegt er að vernda starfsmenn gegn því að þeir geti smitast við störf sín af smitbærum heilahrönnunarsjúkdómum (TSE) úr mönnum eða dýrum.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari tilskipun eru í samræmi við álit nefndarinnar sem er skipuð samkvæmt 17. gr. tilskipunar 89/391/EBE.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum III. viðauka við tilskipun 90/679/EBE er hér með breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnisýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. júní 1998. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglum um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugusta degi frá því að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 26. nóvember 1997.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Pádraig FLYNN

*framkvæmdastjóri.*

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 335, 6.12.1997, bls. 17, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 94/98 frá 25. september 1998 um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 183, 29. 6. 1989, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 374, 31. 12. 1990, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 282, 15. 10. 1997, bls. 33.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 268, 29. 10. 1993, bls. 71.

## VIÐAUKI

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á III. viðauka við tilskipun 90/679/EBE:

1. Undir fyrirsögninni „Veirur“:
  - í stað málsliðarins: „Óvenjulegir áhrifavaldar sem tengjast i)“ komi „Óhefðbundin smitefni sem tengjast smitbærum heilahrönnunarsjúkdómum (TSE)“;
  - eftirfarandi skaðvöldum er bætt við undir „Óhefðbundin smitefni sem tengjast smitbærum heilahrönnunarsjúkdómum (TSE)“, og eru flokkaðir sem hér segir á eftir Creutzfeldt-Jakobs-sjúkdómnum:
    - „Afbrigði af Creutzfeldt-Jakobs-sjúkdómnum“, sem flokkast í flokk 3(\*\*) með athugasemdinni „D (d)“.
    - „Heilahrönnun í nautgripum (BSE) og aðrir skyldir smitbærir heilahrönnunarsjúkdómar í dýrum (i), flokkast í flokk 3(\*\*), með athugasemdinni „D (d)“.
2. Orðalag neðanmálgreinarinnar „(i)“, sem fylgir listanum yfir veirur, breytist sem hér segir:

„Ekki liggja fyrir sannanir um að menn hafi sýkst af völdum smitefna smitbærra heilahrönnunarsjúkdóma í dýrum. Þrátt fyrir það er í varúðarskyni mælt með innlokunarstigi á rannsóknarstofum sem miðast við skaðvalda í flokki 3(\*\*), nema um sé að ræða rannsóknarstofuvinnu í tengslum við áður þekkt smitefni riðuveiki í sauðfé þar sem 2. innlokunarstig nægir.“